

**Ed.** **194. Frumvarp til laga** [199. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Alfreð Gíslason.

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:  
G. Bætur almannatrygginga aðrar en fjölskyldubætur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts fyrir skattárið 1966.

Greinargerð.

Í frv. þessu er svo fyrir mælt, að bætur almannatrygginga, aðrar en fjölskyldubætur, skuli draga frá tekjum, áður en skattur er á þær lagður. Skattfrelsi þessara bóta er sanngirnismál. Á öðru þingskjali er flutt frv. þess efnis, að sömu bætur verði einnig undanþegnar útsvarsálagningu, og vísast til greinargerðar á því þingskjali um málsrök.